

**Fall við vinnu
getur verið
dauðans alvara**



Vinnueftirlitið

Fall við vinnu, hvort sem er á jafnsléttu eða úr hæð, getur valdið alvarlegum og jafnvel varanlegum áverkum. Þá hafa því miður orðið nokkur banaslys í gegnum árin vegna falls úr hæð.

→ Hvers vegna fellur starfsfólk við vinnu?

Fólk getur fallið við vinnu af ýmsum ástæðum. Algengar ástæður eru meðal annars:

- Áhrif veðurs, svo sem hálka eða vindhviður
- Fallvarnarbúnaður ekki notaður við vinnu í hæð
- Léleg umgengni
- Ófullnægjandi lýsing
- Ójafnt eða óstöðugt yfirborð
- Skortur á merkingum vegna hættu

Láttu það ekki henda vinnustaðinn þinn að starfsfólk slasist vegna falls við vinnu, hvort sem er á jafnsléttu eða úr hæð.

Tökum höndum saman og stuðlum að því að öll komi heil heim

Grípum til forvarna

- **Áhættumat áður en hafist er handa**
Metum áhættuna við störfín og notum viðeigandi öryggisbúnað þar sem þörf er á.
- **Gerum öryggisráðstafanir**
Grípum fyrst til almennra öryggisráðstafana áður en gripið er til ráðstafana til verndar hverjum og einum starfsmanni, eins og persónuhlífa.
- **Viðhöldum áhættumati**
Göngum reglulega úr skugga um að þær öryggisráðstafanir sem gripið hefur verið til gegni enn hlutverkum sínum.
- **Öll á vinnustað bera ábyrgð**
Mínum hvert annað á að nota viðeigandi öryggisbúnað og notum hann rétt.

Öll heil heim

Nánari upplýsingar og fræðsluefni um öryggi og vellíðan á vinnustað má finna á vef Vinnueftirlitsins, vinnueftirlitid.is